

**3. sept. 2018.**

**Fundur stjórnar foreldrafélags Réttarholtsskóla.**

**Mættir:** Sigríður, Bergþóra, Jóhann Gunnar, Erla, Brynja, Gunnhildur, Hildur, Sonja, Gígja, Guðbjörg Edda og Andrea.

1. Aðalfundur foreldrafélags Réttarholtsskóla.

12. september 2018 kl. 17.15-18.15 verður fundur fyrir foreldra nýnema í Réttarholtsskóla. Kl. 18.15, í framhaldinu, verður aðalfundur foreldrafélagsins haldinn. Lesin verður skýrsla stjórnar og yfirlit frá gjaldkera.

Þeir sem eru í stjórn þurfa að mæta kl. 18.00 til að undirbúa.

Brynja kaupir slikkeri fyrir foreldrafundinn og skólinn sér um kaffið.

2. Bingóspjöld.

Í vor gaf foreldrafélagið Réttarholsskóla bingóspjöld, en þau voru ekki til þá. Komið var með bingóspjöldin á fundinn.

3. Póstur til foreldra/forráðamanna.

Formenn stjórnar foreldrafélagsins munu senda póst og minna á foreldrafélagsgjaldið, kr. 2.500 fyrir barn/fjölskyldu og um aðalfund foreldrafélagsins.

4. Formannaskipti.

Sigríður og Bergþóra sem eru formenn stjórnar foreldrafélags Réttarholtsskóla tilkynna að þær munu hætta sem formenn.

5. Fjáröflun.

Það þarf að halda utan um fjáröflun. 8.-10. bekk verður boðið að taka þátt í fjáröflun.

Hildur ætlar að hafa samband við Jóhannes vegna gulróta.

Sigríður, Sonja og Guðbjörg Edda eru tilbúnar til að afhenda gulrætur.

Vilborg heldur utan um pantanir og þarf að fá nöfn barnanna sem pantað er fyrir.

9. bekkur fer á Laugar, tvískipt. Laugaferðin kostar ca kr. 29.000.

17. sept. á Laugar.

24. sept. á Laugar.

10. bekkur fer til Skagafjarðar í útskriftarferð. Ferðin í Skagafjörður kostar ca kr. 31.000.

26.-28. sept. Skagafjörður.

6. Önnur mál.

Ákveðið að ræða ýmis önnur mál þegar ný stjórn tekur við.

Ritari: Brynja Ólafsdóttir.